

Vegagerðin  
Jónas Snæbjörnsson  
Borgartúni 5 og 7  
105 REYKJAVÍK

2000070057  
0000; 9310

Reykjavík, 6. desember 2000  
/--

**Efni: Mislæg gatnamót Hringveggar og Víkurveggar og Reynisvatnsvegur að Reynisvatni, Reykjavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar að matsáætlun um mislæg gatnamót Hringveggar og Víkurveggar og Reynisvatnsveg að Reynisvatni, Reykjavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar dags. 9. nóvember 2000 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Reykjavíkurborg, Vegagerðin, Almenna verkfræðistofan hf: Mislæg gatnamót Hringveggar og Víkurveggar og Reynisvatnsvegur að Reynisvatni, Reykjavík. Tillaga að matsáætlun 10. nóvember 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila til eftirtalinna aðila í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Borgarráðs, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Náttúruverndar ríkisins, veiðimálastjóra, Þjóðminjasafns Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur og Landssímans. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Borgarráði með bréfi dags. 28. nóvember 2000, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 27. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. nóvember 2000, veiðimálastjóra með bréfi dags. 23. nóvember 2000 og Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 24. nóvember 2000. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með símbreffi dags. 29. nóvember 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

## **Framkvæmd og framkvæmdasvæði**

### *Afrennsli*

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í tengslum við byggingu gatnamótanna og lagningu Reynisvatnsvegjar verða gerðar fjórar settjarnir norðan Víkurvegjar og Reynisvatnsvegjar sem afrennslisvatni af vegum og götum verður veitt í áður en það rennur í Úlfarsá.

Veiðimálastjóri bendir á að nauðsynlegt sé að settjarnir fjarlægji vel öll mengandi efni og heppilegast væri að afrennsli frá slíkum tjörnum færi beint í skolplagnir og þaðan til sjávar. Í því sambandi er bent á þá umræðu sem orðið hefur um Elliðaár og hugsanlega mengun í þeim vegna frárennslis frá íbúðarhverfum. Sú umræða eigi vafalítið eftir að koma upp þegar byggð færist nær Úlfarsá og mikilvægt sé að hugsa til þess í byrjun að sem minnst af skaðlegum efnum fari í ána. Hvatt er til þess að tekið verði tillit til þessa við skipulag svæðisins.

Náttúruvernd ríkisins fer fram á að vöktunaráætlun verði lögð fram þar sem gerð verði grein fyrir hvernig fylgst verði með áhrifum framkvæmdarinnar til lengri og skemmri tíma á vatnsbúskap og lífríki Úlfarsár, s.s. hvort settjarnir hreinsi yfirborðsvatn eins og ráð sé fyrir gert.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði grein fyrir þeim möguleika að hve miklu leyti hægt verði síðar að taka frárennsli úr settjörnum í lokaðar lagnir allt niður í sjó í Grafarvogi. Ekki sé gert ráð fyrir sérstakri vöktunaráætlun vegna umræddrar framkvæmdar enda umræddir vegir aðeins hluti af því vega- og gatnakerfi sem er og verður á vatnasvæði Úlfarsár samkvæmt skipulagi.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að leggja fram áætlun um vöktun á því hvernig fylgst verði með því að settjarnir hreinsi vel þau mengandi efni sem í þær berist þannig að afrennsli frá þeim valdi ekki umtalsverðum áhrifum á vistkerfi Úlfarsár.

Hólmfríður Sigurðardóttir

nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins dags. 27. nóvember 2000, veiðimálastjóra dags. 23. nóvember 2000 og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 24. nóvember 2000.

Afrit: Almenna verkfræðistofan hf., borgarráð, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóri, Þjóðminjasafn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Landssíminn.